



Og kona hans

SÝNING Í ÞJÓÐARBÓKHLÖÐU - 10.-14.2. 2025

Jafnréttisdagar Háskóla Íslands og Kvennasögusafn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns standa fyrir sýningu undir hljóðverkinu „Og kona hans“ eftir Eirík Stephensen og Margréti Kristínu Blöndal. Hljóðverkið tilheyrir stærri hljóðinnsetningu, „Hljóðrás dauðans“, sem sett var upp í Hólavallakirkjugarði dagana 19.–22. ágúst 2023. Innblásturinn var hin vel þekkt áletrun „og kona hans“ sem var algeng á legsteinum fyrr á tímum og var lýsandi fyrir stöðu kvenna. Í lok verksins hljómar útfararsálmur sem er tileinkaður körlum með eiginnöfn, ættarnöfn og starfsheiti... og konum þeirra.

Að vera eiginkona manns í efstu röðum samfélagsins var starf í sjálfu sér fyrir margar konur langt fram á 20. öld. En sú mýta að konur hafi ekki unnið utan heimilisins fyrir árið 1950 lifir góðu lífi og er langt frá því að vera staðreynd. Anna Sigurðardóttir (1908–1996), sem var meðal stofnenda Kvennasögusafns, gaf út bókina *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár* (1985) sem vísar til heimilda um framlag kvenna til samfélagsins.

Þar fjallar hún um bændakonur, þvottakonur, fóstrur og vökukonur, vatnsbera, sjókonur, vinnukonur, ljósmæður, hjúkrunarkonur og svo mætti áfram telja. Bókin varpar því ljósi á að konur hafa alltaf unnið margvísleg störf utan heimilisins sem og innan. Anna hlaut heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands árið 1986, önnur kvenna í sögu skólans.

Ekki alls fyrir löngu voru konur ekki skráðar í símaskrána né voru nafngreindar framan á póstkassanum. Að vera þekkt sem „kona hans“ var algengt og konur oft metnar út frá karlkyns samferðamönnum sínum hvort sem þeir væru eiginmenn, feður, bræður, ástmenn eða vinir.

Enn í dag er barist við að leiðrétta vanmat á vinnu kvenna, hvort sem er í launuðum eða ólaunuðum störfum. Kvennaárið 2025 var boðað þann 24. október 2024 og með því krefjast rúmlega 50 samtök femínista, kvenna, launafólks, fatlaðs fólks og hinsegin fólks raunverulegs efnahagslegs og félagslegs jafnréttis.

Rakel Adolphsdóttir

Hér hvílir Víglundur
og kona hans
hér hvílir Sigmundur
og kona hans
hér hvílir Guðbrandur
og kona hans
hér hvílir Ástvaldur
og kona hans

Hér hvílir Thoroddsen
og kona hans
hér hvílir Espólín
og kona hans
hér hvílir Sörensen
og kona hans
hér hvílir Hjaltalín
og kona hans

Hér hvílir skipstjóri
og kona hans
hér hvílir prófastur
og kona hans
hér hvílir rukkari
og kona hans
hér hvílir járnsmiður
og kona hans

Eiríkur Stephensen



Ljósmyndir á sýningunni eru úr safnkosti Kvennasögusafns. Graf ljóðin eru varðveitt á Íslandssafni. Ljóð um vinnu kvenna eru eftir Theodóru Thoroddsen og Ólínu Andrésdóttur. Mynd af legsteini Valgerðar Jónsdóttur biskupsfrúar er bakhlið legsteins Steingríms Jónssonar biskups og er í Hólavallakirkjugarði.

Sérstakar þakkir:

Arndís Hrönn Egilsdóttir, Diljá Finnsdóttir, Rún Árnadóttir, Sólrún Svava Kjartansdóttir, Björt, Salka, Sólveig, Úlfhildur, Ylfa og nafnlausir syngjandi kirkjugarðsgestir.

Hljóðverk: Eiríkur Stephensen og Margrét Kristín Blöndal.

Hönnun: Ólafur J. Engilbertsson og Sveinn Snær Kristjánsson

Verkefnisstjórn: Sveinn Guðmundsson og Rakel Adolphsdóttir.

JAFNRÉTTISDAGAR
HÁSKÓLANNA




KVENNASÖGUSAFN
ÍSLANDS



HÍ



Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn